

Skipulagsskrá Styrktarsjóðs læknadeildar Háskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður læknadeildar Háskóla Íslands“.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja kandidata frá Háskóla Íslands í ólaunuðum eða lakast launuðum kandidatsplássi. Ef ekki þykir þörf á að styrkja kandidat í kandidatsplássi, skal styrkurinn veittur kandidat við sérfræðinám.

3. gr.

Fé sjóðsins skal lagt á vöxtu í opinberum sjóði. Byrja skal að veita úr sjóðnum þegar á þessu ári.

4. gr.

Allir vextir sjóðsins skulu árlega veittir einum læknisfræðikandidat frá H. Í., sem að áliti læknadeildarstúdenta er sérstaklega þurfandi fyrir slíkt.

5. gr.

Sá einn getur orðið aðnjótandi styrks úr sjóðnum, sem greitt hefir til hans tillög eins og reglugerð sjóðsins mælir fyrir.

6. gr.

Sjóðurinn er undir stjórn háskólaráðs Háskóla Íslands. Ársreikning sjóðsins skal birta með Árbók háskólans.

7. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvarðanir um fyrirkomulag sjóðsins, greiðslur til hans, stjórn hans og styrkveitingu úr honum. Reglugerð þeirri má breyta, ef meiri hluti á almennum fundi stúdenta læknadeildar háskólans óskar þess, og háskólaráðið fellst á breytinguna, og eins ef háskólaráðið óskar breytingar og meiri hluti á fyrnefndum fundi læknadeildarstúdenta samþykkir hana.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef meiri hluti lækna landsins, sem til sjóðsins hafa greitt, samþykkja það.